



Reykjavík, 28. september 2017

Til formanna svæða- og félagsdeilda aðildarfélaga KÍ
Efni: Um samstarf svæða- og félagsdeilda aðildarfélaga KÍ og styrki.

Kæru formenn!

Tilgangur þessa bréfs er að hvetja svæða- og félagsdeildir aðildarfélaga KÍ til að ræða og leita leiða til að efna til staðbundins samstarfs sín á milli þvert á aðildarfélög, sem og að vekja athygli á sérstökum styrkjum í þessu skyni samkvæmt 14. gr. laga KÍ.

Lengi hefur verið rætt um nauðsyn meira samstarfs þvert á aðildarfélög KÍ að sameiginlegum málum kennarastéttarinnar og hafa þing KÍ í gegnum árin gert samþykktir um það. Í Kennarahúsinu starfa aðildarfélögin saman að mörgum málaflokkum svo sem skólamálum, fræðslumálum, jafnréttismálum, vinnuumhverfismálum og siðareglum kennara. Mikilvægt er að svæða- og félagsdeildir eigi með sér samstarf þvert á aðildarfélögin. Félagar KÍ starfa í öllum skólum landsins fyrir utan háskóla, þessi fjölbreytni veitir styrk og felur í sér marga möguleika. Samstarf og samræða eykur skilning og víðsýni og þjappar okkur saman um sameiginleg mál.

Með staðbundnu samstarfi svæða- og félagsdeilda þvert á aðildarfélög er átt við starf að viðfangsefnum sem gagnast skólastarfinu og félagsmönnum á viðkomandi svæði, félagslega og faglega, og er því og þeim til eflingar og styrktar. Hér eru nefnd dæmi um mál sem hægt er að efna til samstarfs um:

- Starfsumhverfismál, líðan í starfi og samskipti.
- Jafnréttismál og skólastarfið.
- Siðareglur kennara.
- Þættir í skóla- og menntamálum.
- Notkun samfélagsmiðla til að auka umræðu um kennarastarfið og skólastarfið.

Við hvetjum formenn að taka þetta bréf til umræðu í sínum félagsstjórnnum við fyrsta tækifæri og að ræða og leita leiða til að efna til staðbundins samstarfs svæða- og félagsdeilda þvert á aðildarfélög KÍ.

Með félagskveðju

F.h. Kennarasambands Íslands
Þórður Á. Hjaltested formaður og Aðalheiður Steingrímsdóttir varaformaður

Á bls. 2 í þessu bréfi eru eftirfarandi upplýsingar:

- a) Yfirlit yfir svæða- og félagsdeildir aðildarfélaga KÍ.
- b) Ákvæði 14. gr. laga KÍ um styrki.
- c) Reglur KÍ um úthlutun styrkja til svæðafélaga og félagsdeilda aðildarfélaga KÍ.

Upplýsingar

Yfirlit yfir svæða- og félagsdeildir aðildarfélaga KÍ.

- Félag framhaldsskólakennara, ein félagsdeild í hverjum framhaldsskóla, sjá á vef FF „Félagsdeildir“.
- Félag grunnskólakennara, samtals 10 svæðafélög, sjá á vef FG „Svæðafélög FG“.
- Félag leikskólakennara, samtals níu svæðadeildir, sjá á vef FL, „Svæðadeildir FL“.
- Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, samtals þrjár svæðadeildir, sjá á vef FT, „Svæðadeildir“ undir „Stjórn og nefndir“.
- Félag stjórnenda leikskóla, svæðaskipt samráðsnefnd, sjá á vef FSL „Samráðsnefnd FSL“.
- Skólastjórafélag Íslands, samtals átta deildir, sjá á vef SÍ „Svæðafélög SÍ“.

Á heimasíðu KÍ undir „Aðildarfélög KÍ“ eru nánari upplýsingar um svæða- og félagsdeildirnar.

14. gr. laga KÍ um samstarf milli svæðafélaga/deilda í KÍ og sérstaka styrki.

Þing KÍ skal ákvarða hverju sinni hvort veita skuli sérstöku fjármagni til að styrkja starfsemi/samstarf svæðafélaga/deilda aðildarfélaga innan KÍ. Ákveði þing sérstaka fjárveitingu í þessu skyni geta stjórnir svæðafélaga/deilda sótt um styrk til stjórnar KÍ. Styrkumsókn skulu fylgja reikningar svæðafélags/deildar ásamt umsögn aðildarfélags. Stjórn KÍ skal setja nánari reglur um styrkveitingar samkvæmt þessari grein og skulu reglurnar kynntar fyrir stjórnnum svæðafélaga/deilda.

Styrkir samkvæmt þessari grein skulu einungis veittir til að styrkja félagsstarf/samstarf svæðafélaga/deilda. Óheimilt er að veita fé samkvæmt þessari grein til að styrkja einstaklinga eða til að greiða kostnað af símenntun/starfsþróun.

Reglur KÍ um úthlutun styrkja til svæðafélaga og félagsdeilda aðildarfélaga KÍ.

Reglurnar eru byggðar á 14. gr. laga Kennarasambands Íslands 2014.

1. Stjórnir svæðafélaga/félagsdeilda aðildarfélaga KÍ geta sótt um styrki til stjórnar KÍ. Umsókninni skulu fylgja samþykktir reikningar svæðafélags/deildar fyrir síðasta starfsár og undirrituð yfirlýsing formanns og gjaldkera um fjárhagslega stöðu félagsins/deildarinnar við undirritun umsóknar.
2. Styrkumsókn skal fylgja umsögn stjórnar viðeigandi aðildarfélags KÍ. Hægt er að senda umsókn til formanns KÍ sem kemur umsókn til umsagnar aðildarfélags KÍ.
3. Styrkir skulu einungis veittir til að styrkja félagsstarf og/eða samstarf svæðafélaga/deilda.
4. Við afgreiðslu umsókna skal tekið mið af fjárhagsstöðu félagsins/deildarinnar og hver þörfin er fyrir umframfjármagn. Þetta getur verið m.a. vegna sérstaks verkefnis eða sérstakra aðstæðna svo sem mikils ferðakostnaðar.
5. Stjórn KÍ úthlutar fjórum sinnum á ári styrkjum til svæðafélaga/deilda. Formaður KÍ leggur fram tillögu að úthlutun fyrir stjórn KÍ til samþykktar, að höfðu samráði við gjaldkera KÍ.
6. Óheimilt er að veita fé til að styrkja einstaklinga.
7. Óheimilt er að veita fé til að greiða kostnað af endurmenntun.
8. Óheimilt er að veita fé til að styrkja einstaklinga eða hópa til þátttöku í fundum, námskeiðum eða ráðstefnum erlendis.

Reglur samþykktar í stjórn KÍ 22. janúar 2016.

